

REYKINGAR Á MEÐGÖNGU - ÁHRIF

Reykingar á meðgöngu hafa víðtæk óæskileg áhrif á meðgönguna og fóstrið. Aukin hættu er á vaxtarseinkun fósturs, fylgjulosi, PROM (premature rupture of membranes) og fyrirsætri fylgju ef reykt er á meðgöngu eða vegna áhrifa óbeinna reykinga. Talið er að reykingar á meðgöngu séu ástæða allt að 10% fyrirburafæðinga og 30% léttburafæðinga.

ÁHRIF Á FÓSTRID

Reykingar valda skertu súrefnisflæði til fósturs. Eftirfarandi atriði skipta máli í því sambandi:

1. Áhrif efna í tóbaksreyk
2. Skert súrefnisflutningsgeta blóðs
3. Áhrif reykinga á starfsgetu fylgju


Tóbaksreykur inniheldur meira en 4000 efni. A.m.k. 300 eru þekkt eitrefni og 40 eru þekkt krabbameinsvaldandi efni.

Nikótín er þekktast efna í tóbaksreyk. Það er bæði vatns- og fituleysanlegt og fer auðveldlega yfir fylgju. Þéttni í blóði og vefjum fósturs er talið vera um 54% meira en hjá móður. Nikótín veldur samdrætti æða, t.d. í slagæð til legs og í naflastrengsslagæð og minnkar blóðflæði til fylgju.

Kolmónoxíð (CO) hefur margfalt meiri sækni í blóðrauða en súrefni og binst fastar og hindrar þannig að súrefni bindist blóðrauða. Það minnkar súrefnisflutningsgetu blóðs og minni súrefnismettun verður í blóðinu. Kolmónoxíð er hærra í blóði fóstura reykingamæðra og er talið að allt að 14% af blóðrauða hjá þeim sé bundið kolmónoxíði. Það má segja að blóðið sé „upptekið“ af kolmónoxíði og pláss fyrir súrefni sé minna.

Blásýra (cyanide) binst blóðrauða og minnkar þannig súrefnisflutningsgetu blóðs. Eins og einn nýburalæknir orðaði það: „Fóstrið er í krónísku súrefnisvælti“.

Myndin hér að neðan sýnir áhrif reykinga á fylgjuna.



A. Æðar úr fylgju móður sem ekki reykti. B, C. Æðar úr fylgju reykingamóður.

Þegar bornar eru saman mynd A annarsvegar og mynd B og C hinsvegar sést hvernig reykingar valda aukinni æðamyndun í fylgju (villous æðar) og stækkun á því yfirborði þar sem loftskipti geta átt sér stað yfir fylgjuna. Það má gera ráð fyrir því að um sé að ræða aðlögun að skertum súrefnisflutningi yfir fylgjuna.

Með færri konum sem reykja á meðgöngu er dregið úr óæskilegum áhrifum reykinga og hættu á fóstur- og nýburadauða. Hver og ein kona sem hættir skiptir máli.

MÆÐRAVERND PRÓUNARMÍÐSTÖÐ ÍSLENSKRAR HEILSUGÆSLU, ENDURSKOÐAÐ MARS 2019